

Hjallastefnan er kærleiksmiðuð og skapandi lýðræðisstefna



Hjallastefnan er framsækið félag á sviði uppeldis- og menntunar sem starfrækir sjálfstæða leik- og grunnskóla undir merkjum jafnréttis, lýðræðis og sköpunar. Hjallastefnan rekur 15 leikskóla víðs vegar um landið og þrjá barnaskóla, í Reykjavík, Hafnafirði og Garðabæ.

Skólar Hjallastefnunnar starfa sjálfstætt undir stjórn síns skólastjóra sem hefur yfrumsjón með og ber ábyrgð á faglegu starfi og daglegum rekstri skólans. Þannig hefur hver skóli sína einstöku menningu en allir starfa þeir að sameiginlegu markmiði og eftir sömu námskrá sem liggur til grundvallar öllum þáttum fagstarfsins.

Jafnréttisuppeldi, jákvæðni, agi, skapandi hugsun, félagsþjálfun og einstaklingsstyrking eru innviðir í námskrá Hjallastefnunnar sem við teljum að geti skipt sköpum í þroska þeirra einstaklinga sem okkur er treyst fyrir.



Meginreglur

Meginreglurnar eru grundvöllurinn að öllu starfi Hjallastefnuskóla. Þær eru í reynd bæði stefnuýfirlýsing og hugmyndafræði skólanna og fela í sér þá lífssýn og mannskilning sem allt starfsfólk sameinast um. Meginreglurnar eru sex, þær eru í skýrri forgangs röð og byggir hver regla á þeirri sem undan kemur.

1 Börn og foreldrar

Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á víðfeðman hátt að velgengni allra.

2 Starfsfólk

Hjallastefnunni er ætlað að stuðna að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við börn, forráðamenn og aðra sem koma að málum skólans.

4 Efniviður

Hjallastefnunni er ætlað að bjóða upp á leikefnivið og einföld námsgögn þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi í fjölbreyttri reynslu hvers barns. Þannig skapar sjálfbjarga fólk eigið nám og leikheim með eigin lausnum og eru raunveruleikatengd verkefni í fyrirrúmi.

3 Umhverfi

Hjallastefnunni er ætlað að skapa samfélag innan hvers skóla þar sem jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi er ráðandi í dagskrá, umhverfu og búnaði og eru reglur sýnilegar og áþreifanlegar. Þannig gefst börnum skiljanlegt og viðráðanlegur umhverfi miðað við aldur þeirra, þroska og getu.

5 Náttúra

Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu.

6 Samfélag

Hjallastefnunni er ætlað að þjálfaga og hegðun á jákvæðan og hlýlegan en um leið ákveðinn og hreinskiptinn hátt. Með nákvæmni og festu verður taminn vilji leiðin til öryggis og frelsis fyrir alla í rósemd og friði innan skóla-samfélagsins og síðar til ábyrgðar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.



Kynjanámsskrá

Kynjanámsskráin er útfærsla á hugmyndafræði hjallastefnunnar, þar sem markmiðið er að tryggja jafnrétti kynjanna, sem og annarra hópa, og veita börnum frelsi frá neikvæðum afleiðingum kynjakerfisins og staðalmyndum þess. Hjallastefnan vill tryggja að öll börn fái heildstæða þjálfun í mannlegum eiginleikum óháð kyni, og fái tækifæri til að leika og læra á eigin forsendum án takmarkanna sem kynjakerfið setur. Með kynjanámsskránni er skólaárinu skipt í sex lotur og er hver lota í fjórar vikur. Þrjár þeirra einkennast af þjálfun og styrkingu eiginleika og færni sem er oftast tengd við karlmennsku á meðan hinar þrjár einkennast af þjálfun og styrkingu eiginleika og færni sem er oftast tengd við kvenleika. Með því að fylgja eftir öllum sex lotum fær hvert barn því heildstæða þjálfun í einstaklings- og félagsfærni.

1 Agi

Lykilhugtök eru: **Virðing, Hegðun, Kurteisi, Framkoma.**

Uppskeruvikan er **Framkomuvika.**

2 Sjálfstæði

Lykilhugtök eru: **Sjálfstyrking, Sjálfstraust, Öryggi, Tjáning.**

Uppskeruvikan er **Tjáningarvika.**

3 Samskipti

Lykilhugtök eru: **Umburðarlyndi, Hjálpsemi, Víðsýni, Samstaða.**

Uppskeruvikan er **Samstöðuvika.**

4 Jákvæðni

Lykilhugtök eru: **Ákveðni, Hreinskiptni, Bjartsýni, Gleði.**

Uppskeruvikan er **Gleðivika.**

5 Vinátta

Lykilhugtök eru: **Félagsskapur, Umhyggja, Nálægð, Kærleikur.**

Uppskeruvikan er **Kærleiksvika.**

6 Áræðni

Lykilhugtök eru: **Kjarkur, Kraftur, Virkni, Frumkvæði.**

Uppskeruvikan er **Frumkvöðlavika.**

Hjallastefnan í yfir 30 ár

Margrét Pála Ólafsdóttir er stofnandi, höfundur og einn stærsti eigandi Hjallastefnunnar. Þann 25. september árið 1989 tók hún við rekstri leikskólans Hjalla í Hafnarfirði og markaði það upphafið að hugmyndafræðinni. Árið 1999 var Hjallastefnan ehf. stofnuð í því skyni að halda formlega utan um sjálfstæðan rekstur á leik- og grunnskólastigi og hefur skólum fjölgað ört. Fyrirtækinu

var einnig ætlað að valdefla konur og kvennastörf sem og að auka fjölbreytni í skólastarfi. Sem jafnréttisfélag hefur Hjallastefnan barist fyrir því að allir skólar njóti jafnræðis varðandi opinber fjárframlög og fyrir því að allir foreldrar fái notið valfrelsis þegar kemur að uppeldi og menntun barna sinna, óháð fjárhagsstöðu og öðrum þáttum.

Kynjaskiptingin

Hjallastefnan er virk stefna sem hefur jafnrétti að leiðarljósi í einu og öllu, en markmiðið er að tryggja jafnrétti kynjanna, sem og annarra hópa, og veita börnum frelsi frá neikvæðum afleiðingum kynjakerfisins og staðalmyndum þess. Einn afgerandi þáttur í stefnunni er kynjaskipting (byggð á kyngervi og kynvitund barnsins), en hún er einfaldlega sú leið sem við notum til þess að ná settum markmiðum. Með kynjaskiptingunni veitum við börnum tækifæri til að taka að sér eiginleika, hegðun og hlutverk án þess að þau séu frátekin eða einokud af hinu kyninu, nokkuð sem gerist oft í kynjablönduðu umhverfi. Við vinnum gegn kynuðum skilaboðum sem börnin upplifa daglega í samfélaginu og bjóðum þeim upp á fleiri möguleika og frelsi með því að aftengja kyn við ákveðna eiginleika, hefðun, störf, hlutverk, útlit, áhugamál, leiki o.fl.

Kynin fá jafna möguleika og standur allt til boða án truflunar kynjakerfisins. Einnig erum við reglulega með uppbótavinnu þar sem ákveðnir þættir sem ríkjandi karlmennsku skortir eru þjálfaðir með drengjum, t.d. að styrkja þá í umhyggju og samúð án afskipta eða yfirtöku stúlkna. Á hinn veginn eru þættir sem ríkjandi kvenleika skortir þjálfaðir með stúlkum, t.d. að styrkja þær í kjarki og sjálfstrausti, án afskipta og yfirtöku drengja, á meðan að tekið er fullt tillit til eiginleika og þarfa einstaklingsins. Við stuðlum að farsæld og samvinnu kynjanna með reglulegri kynjablöndun þar sem kynin verja tíma saman og vinna að verkefnum sem þau hafa þegar æft til að koma í veg fyrir yfirráð eins kyns. Með þessu viljum við stuðla að jákvæðum samvistum og sýn kynjanna á milli.